

Nd.

432. Nefndarállt

um frv. til laga um bygðarleyfi.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin getur fallist á, að þörf væri á einhverjum ráðstöfunum í þá átt, sem frumvarp þetta fer fram á, einkum eftir að sveitfestistíminn hefir verið stytur svo, sem raun er á orðin. En á hinn bóginn er mál þetta svo viðtækt og grípur svo margvislega inn í atvinnulíf þjóðarinnar, að það gæti leitt til stórmikils бага, ef ekki er gætt ýtrustu varfærni um slíkar ráðstafanir til heftingar á frelsi manna til þess að færa sig frá einum stað landsins til annars. Er því óhugsandi að setja lög um þetta, nema þau komi til þingsins vandlega undirbúin af stjórn.

Nefndin leggur því til, að frv. verði afgreitt með svofeldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin láti rannsaka, að hve miklu leyti væri fært að heimila sveitar- og bæjastjórnnum að leggja hömlur á innflutning manna í framfærslubjruðin, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 16. apríl 1924.

Jón Kjartansson,
form.

Magnús Jónsson,
frasm.

Jón Baldvinsson,
fundaskrifari.

Ósamþykktur ýmsum atriðum nefndarállitsins.

Jörundur Brynjólfsson.

Tel rjettara, að frv. verði samþ., þó með nokkrum breytingum, er jeg mun síðar koma fram með.

Bernh. Stefánsson.